



MENNINGAR- OG FEGRUNARNEFND FUNDUR – 31. júlí 2006

Annar fundur haldinn í Menningar- og fegrunarnefnd, mánudaginn 31. júlí 2006, kl:18:00 á veitingahúsinu Við Árbakkann.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Fegrunarverðlaun 2006.

Skoðun vegna fegrunarverðlauna 2006 hefur farið fram og ákvörðun tekin varðandi þau.

Formaður kannaði háttun á veitingu slíkra verðlauna í öðru sveitafélagi, umræður urðu um málið. Tillaga kom upp um að veita verðlaun árið 2007 fyrir fegursta garðinn, fegursta býlið, fegurstu götuna og mestu framkvæmdirnar og veita jafnframt fyrirtæki viðurkenningu sem tekur sig á í umhverfis- og fegrunarmálum.

2. Önnur mál.

Keyptir hafa verið bekkir og munu þeir koma von bráðar á þá staði sem þeim er ætlað.

Keyptir hafa verið plattar sem veittir verða vegna fegrunarverðlauna 2006 og fer afhending þeirra fram þegar þeir koma úr áletrun. Þetta eru plattar sem hægt er að festa á veggj húsa og skilti.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl:19:00.

Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)
Sigurlaug Markúsdóttir (sign.)
Þórhallur Barðason (sign.)